



IOM • OIM

Alþjóðastofnunin um fólksflutninga: í stuttu máli

Að stjórna fólksflutningum, öllum til hagsbóta

Júní 2005

Almennar upplýsingar

Alþjóðastofnunin um fólksflutninga (International Organization for Migration (IOM)) var stofnsett árið 1951 og er helsta milliríkjastofnunin á sviði fólksflutninga. Við förum hratt vaxandi og um þessar mundir eru aðildarríkin 112. Til viðbótar hafa 23 ríki stöðu áheyrnarfulltrúa, ásamt fjölmörgum alþjóðlegum og óopinberum samtökum. Ráðstöfunarfé IOM til verkefna á árinu 2005 er yfir 900 milljónir Bandaríkjadala; meira en 1.200 virk verkefni eru fjármögnuð og yfir 5.000 starfsmenn þjóna á yfir 220 sviðsskrifstofum í yfir eitt hundrað löndum.

IOM er ætlað til að styðja við mannúðlega og skipulagða fólksflutninga, til hagsbóta fyrir alla. Það gerir hún með því að veita ríkisstjórnnum og farandfólki þjónustu og ráðleggingar.

IOM vinnur að því að hjálpa til við að tryggja skipulagða og mannúðlega stjórnun fólksflutninga, að efla alþjóðlega samvinnu um málefni fólksflutninga, að aðstoða í leitinni að hagnýtum lausnum á vandamálum við fólksflutninga og að veita bágstöddu farandfólki mannúðlega aðstoð, hvort sem það er flóttafólk, landflóttá einstaklingar eða annað fólk sem flæmt hefur verið burt. Stjórnskipun IOM viðurkennir afdráttarlaust tengslin á milli fólksflutninga og efnahags-, félags- eða menningarlegrar þróunar, jafnt sem réttindi fólks til frjálsra flutninga.

IOM vinnur á fjórum víðfeðmum sviðum fólksflutningastjórnunar: fólksflutningum og uppbyggingu, að greiða fyrir fólksflutningum, að hafa stjórn á fólksflutningum og að takast á við nauðungarflutninga. Þverskurður aðgerða felur meðal annars í sér kynningu á alþjóðalögum um fólksflutninga, stefnumræður og leiðsögn, verndun réttinda farandfólks, heilbrigði fólksflutninga og umfang fólksflutninga eftir kyni.

IOM vinnur náið með ríkisstjórnnum, milliríkja- og óopinberum samstarfsaðilum.

Fólksflutningar og uppbygging

Sambandið milli upprunalandis og samfélaga erlendis er lykillinn að árangursríkri uppbyggingu. Markmið IOM á þessu sviði er að virkja uppbyggingarmöguleika fólksflutninga fyrir einstaka farandmenn/konur og samfélög. Við vinnum með því að kynna alþjóðlega stefnuorðræðu, rannsóknir og verkefni tengd

Upplýsingablað: IOM í stuttu máli

stefnumiðun sem styrkir stjórnar- og stjórnunargetu ríkisstjórna.

Verkefnaaðgerðir fela meðal annars í sér að endurbæta greiðslustjórnun, að byggja upp mannlegan höfuðstól með áætlunum fyrir farandverkamenn, að senda aftur og endursameina menntaða ríkisborgara, að byggja upp getu fyrir ríkisstjórnir og að auka möguleika fyrir farandkonur.

Að greiða fyrir fólksflutningum

Hreyfanleiki er undirstöðuatriði í heiminum í dag. Samþættir heimsmarkaðir, tilkoma fjölþjóðlegra samtaka og hraður vöxtur í samskiptatækni stuðlar allt að aukinni hreyfingu, bæði faglærðra og ófaglærðra starfsmanna, námsmanna, lærlinga, fjölskyldna og ferðamanna.

Lýðfræðileg og félagsleg uppbygging í hinum iðnvædda heimi hefur skapað þörfina fyrir starfsmenn og sérfræðinga frá öðrum löndum. Stórfelldir fólksflutningar vegna atvinnu tákna mögulega erfiða aðlögun, en hagkerfi sem þrá að haldast samkeppnishæf geta ekki horft fram hjá þörfinni fyrir breytingar. Að greiða fyrir fólksflutningum vegna atvinnu getur verið sigursæll kostur.

IOM veitir ríkisstjórnnum ráðleggingar um stefnu og tæknileg atriði varðandi stjórnun farandverkafélks og aðrar farandhreyfingar, og útfærir verkefni til að aðstoða ríkisstjórnir og farandfólk við val/ráðningar, tungumál og menningarlega stefnumörkun, ræðismannspjónustu, þjálfun, móttöku, sameiningu og afturkomu.

Þessi þjónusta, sérsniðin að hverju verkefni, er veitt á öllum stigum ferlisins: upplýsingar og umsóknir, viðtöl og leyfi, og eftir leyfi. IOM hefur framkvæmt meira en 1,5 milljónir lækni skoðana um allan heim og veitir farandfólki skipulagslega aðstoð og aðstoð við ferðalög.

Að hafa stjórn á fólksflutningum

Ríkisstjórnir og þjóðfélög hafa áhuga á að vita hver leitar eftir aðgangi að landsvæðum þeirra. Markmiðið er að gera ráðstafanir sem koma í veg fyrir aðgang þeirra sem ekki er heimilt að koma, en greiða fyrir skjótum aðgangi þeirra sem heimild hafa. IOM aðstoðar ríkisstjórnir við þróun og útfærslu fólksflutningastefnu, lagasetningu og stjórnunarlegt gangverk. Í þeim tilgangi veitir IOM fólksflutningastjórnendum

ríkisstjórna tæknilega aðstoð og þjálfun við landamærastjórnun, áritunarkerfi vegabréfa, skipulagningu við innkomu og dvöl, og söfnun og notkun líffræðilegra tölfræðiupplýsinga.

Að skipulagðir, reglubundnir fólksflutningar komi í stað óreglulegs flæðis þjónar hagsmunum allra ríkisstjórna og IOM getur boðið upp á margvíslegar áætlanir til að sporna gegn örtröð og smygli á manneskjum, allt frá vönum til aðstoðar við fórnarlömbin. IOM útfærir einnig áætlanir til að greiða fyrir sjálfviljugri endurkomu og sameiningu landflótta fólks og fólks í ógöngum og öðru farandfólki, þar sem þarfir og áhyggjur staðarsamfélaga eru teknar með í reikninginn.

Nauðungarflutningar

Flóttamenn og landflótta einstaklingar eru sérstakur flokkur „fólks á ferðinni“ sem verðskuldar sérstaka athygli. IOM er virk í að aðstoða mannfjölda á flótta, meðan á hættuástandi stendur, og þar á eftir, eins og í tilfalli Kosovo og Tímor. Á hverju ári greiðir IOM einnig fyrir að þúsundir flóttamanna fái nýtt aðsetur, ef staðfest er að aðsetur þeirra í nýju landi sé varanleg lausn.

IOM er reglulega beðin um að hjálpa til við að finna úrræði fyrir uppflosnað fólk í eigin landi (IDP), fyrrum hermenn, fórnarlömb þjóðfræðilegrar tilhögunar og íbúa umhverfis í aðlögun eða endurheimt. Einnig staðsetur hún og aðstoðar dreifða kjósendur til að gera þeim kleift að taka þátt í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum. IOM er með stór verkefni og viðurkennda sérfræðikunnáttu í eftir-stríðskröfum og skaðabótum.

Stefnuaðgerðir

Rannsóknir og greining eru lykillinn að því að skilja fólksflutninga, þróa árangursríkar nýjar stefnur og skipuleggja sjálfbærar, gagnlegar aðferðir. Lykilhlutverk stofnunarinnar er að veita opinberar upplýsingar um sveiflur í fólksflutningum, áskoranir og tækifæri. Rannsóknir og útgáfur IOM stuðla að betri skilningi á málefnum fólksflutninga. Tvíæra skýrslan um fólksflutninga í heiminum (World Migration Report) veitir yfirsýn yfir helstu sveiflur í fólksflutningum og stefnumál um allan heim. Skýrsla ársins 2005 beinir sjónum að kostnaði og ávinningi af alþjóðlegum fólksflutningum og er fánleg á netinu á www.iom.int.

IOM er að styrkja hlutverk sitt á sviði alþjóðlegra laga um fólksflutninga, með sérstaka áherslu á samantekt, útbreiðslu, skilning og útfærslu þar af. Í víðara samhengi útfærir stofnunin umfangsmikil þjálfunar- og getuuppbyggingarverkefni með ríkisstjórnnum og öðrum samstarfsaðilum, sem hluta af yfirgripsmiklum frumdrögum að fólksflutningastjórnun. Í öllum þessum aðgerðum er aðalatriðið tillit til réttinda og skyldna farandfólks, umfang eftir kyni og heilbrigði í kjölfar fólksflutninga.

Upplýsingablað: IOM í stuttu máli

Reglubundið samráð við ríkisstjórnir sem standa frammi fyrir algengum áskorunum af völdum fólksflutninga, er orðið sérstaklega mikilvægt. Með efnislegum og skipulagslegum stuðningi IOM hafa svæðisbundin samráðsferli orðið til í Norður- og Suður-Ameríku, Evrópu, Afríku og á Asíu-Kyrrahafssvæðinu. Þetta gangverk styrkir alþjóðlega samvinnu, stuðlar að samnýtingu upplýsinga og reynslu, og byggir traust og félagsskap um sameiginleg málefni sem valda áhyggjum.

Á hnattræna vísu er Alþjóðleg umræðunefnd IOM ráðsins um fólksflutninga (IOM Council's International Dialogue on Migration) helsti alþjóðlegi vettvangurinn fyrir umræðu um milliríkjastefnu í fólksflutningum, og hlúir að auknum skilningi og samvinnu um fólksflutninga.

IOM Headquarters
17 route des Morillons · C.P. 71 · CH-1211 Geneva 19 ·
Switzerland
Tel: +41.22.717 91 11 · Fax: +41.22.798 61 50 ·
E-mail: hq@iom.int ·
Internet: www.iom.int